



Intersex Ísland -Félag Intersex fólks á Íslandi

Hverfisgata 102A
101 Reykjavík
Ísland
intersex@samtokin78.is

29. Október 2023

Intersex Ísland styður þær breytingar sem lagðar eru fram í Frumvarpi til laga - 103 mál en telur að ekki sé gengið nógu langt í II kafla

I Kafli

Breyting á lögum um mannnöfn nr 45/1996 styður rétt kynsegin fólks á Íslandi til einkalífs og að þurfa ekki að opinbera upplýsingar um sjálfa/nít sig nema að eigin ósk og frumkvæði með því að gefa kynsegin fólki val hvort það opinberi sig sem kynsegin einstakling. Einnig myndi lagabreytingin endurspegla þann raunveruleika að kynsegin fólk getur átt börn og er þá að um foreldrisnafn að ræða en ekki móður eða föður nafn

II Kafli


Breyting á lögum um kynrænt sjálfræði nr 80/2019

Mörg lönd á heimsvísu, ásamt ákveðnum fylkjum annarra landa eru komin mjög stutt á veg þegar kemur að viðurkenningu hinsegin fólks, eða mikið bakslag hefur átt sér stað þegar kemur að réttindum hinsegin fólks. Í sumum löndum er hreinlega hættulegt að vera opinber með hinseginleika sinn. Kynsegin fólk er nú í dag sett í þá stöðu að þurfa að velja á milli þess að vera með kynskráningu sem samræmist kynvitund þess eða að viðhalda fullu ferðafrelsi á heimsvísu. Kynsegin manneskja sem er með X í vegabréfinu sínu getur jafnvel verið lögð í hættu án þess að ætla sér að ferðast til landa þar sem hinsegið fólk sætir beinum ofsóknum ef lenda þarf í þess háttar landi vegna veðurs eða bilana í flugvélum. Trans konur og trans karlar sem eru komin stutt á veg í læknisfræðilegu ferli geta einnig haft hag af því að hafa aðgang að vegabréfi sem endurspeglar hvernig starfsmenn flugvalla erlendis munu lesa í útlit þeirra. Það er mikilvægt öryggisatriði fyrir trans og kynsegin fólk að geta ferðast erlendis án þess að þau séu beinleis opinberuð sem hinsegin fyrir starfsfólki flugvalla, hótela og öðrum sem gætu þurft að sjá vegabréfið þeirra.

Sumt intersex fólk ber með sér líkamleg einkenni sem samræmast ekki því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu. Það er vel þekkt innan Evrópu að Intersex fólk sem býr við það lendir í auknu áreiti á flugvöllum í þeim löndum þar sem hinsegin fordómar eru ríkar og geta þau búið við sömu hættur utan Evrópu. Þó að þau vilji viðhalda kynskráningu sinni getur í sumum tilfellum verið aukið öryggi fyrir þau að ferðast með skilríki sem endurspeglar hvernig útlit þeirra er lesið.

Intersex Ísland leggur því til þá breytingu að öllum þeim sem hafa breytt kynskráningu sinni og þeim sem eru með ódæmigerð kyneinkenni sé heimilt að fá úthlutað vegabréfi með þeirri kynskráningu sem tryggir öryggi þeirra sem best, með því að velja þá kynskráningu sem handhafi vegabréfsins kys. Núverandi lög um kynrænt sjálfræði heimilla eingöngu eina breytingu á kynskráningu nema sérstakar aðstæður séu til annars. Ekki er full skýrt hverjar þær sérstöku aðstæður eru eða hver fer með úrskurðarvald um að þær sérstöku aðstæður séu til staðar. Það eru mörg dæmi þess að fólk komi fyrst útúr skápnum sem trans kona/karl en síðar sem kynsegin manneskja. Því styðjum við eindregið þá breytingu að kynskráningu megi breyta oftár en einu sinni og teljum 6 til 12 mánuði hæfilegan biðtíma þess á milli.

Kafla III og Kafla IV styðjum við óbreytt

29.10.2023 

F.h Intersex Íslands - Kitty Anderson, formaður